

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 93

komudagur 9 / 11 1994

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b/t Ágústa H. Lárusdóttir.

Reykjavík 8 nóvember 1994.

Verzlunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands þakka nefndinni fyrir það tækifæri að fá að láta í ljós álit sitt á framkomnum frumvörpum til breytinga á lögum um hlutafélög og um eignarhlutafélög. Samtökin fengu drög að frumvörpunum til umsagnar þegar þau voru til meðferðar í viðskiptaráðuneytinu og hjá efnahgs- og viðskiptanefnd á milli 117. og 118. löggjafarþings. Hefur því verið tekið tillit til ýmissa athugasemda samtakanna á fyrri stigum.

Til þess að umfjöllun um fyrirliggjandi frumvörp yrði sem vönduðust ákváðu samtökin að sameinast um umsögn og kölluðu til stóran hóp fólks með reynslu og þekkingu af framkvæmd löggjafarinnar á þessu sviði. Eftirtaldir einstaklingar tóku þátt í störfum vinnuhópsins:

Baldur Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður.

Bjarni Ármannsson, forstöðumaður Fjárvörslu- og markaðssviðs Kaupþings h.f.

Edda Helgason, framkv.stj. Handsals h.f.

Helgi Magnússon, lögg. endurskoðandi og framkv.stj. Hörpu h.f.

Hreinn Jakobsson, framkv.stj. Þróunarfélags Íslands.

Jón Rúnar Pálsson, héraðsdómslögmaður og starfsmaður VSÍ.

Jónas A. Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður.

Jónas Fr. Jónsson, héraðsdómslögmaður og starfsmaður Verzlunarráðs.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals h.f.

Pétur Guðmundarson, hæstaréttarlögmaður.

Tryggvi Jónsson, lögg. endurskoðandi.

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri, Íslandsbanka.

Samtökin styðja frumvörpin í heild sinni og telja að í þeim felist ýmsar mikilvægar og nauðsynlegar breytingar á núgildandi löggjöf um hlutafélög. Varðandi nokkrar efnisgreinar er þó rétt að gera bæði athugasemdir og breytingatillögur.

Tvískipt löggjöf eða heildstæður lagabálkur

Í vinnuhópi samtakanna voru miklar efasemdir um það hvort að ástæða væri til þess að hafa tvo lagabálka á þessu sviði, annars vegar um hlutafélög og hins vegar um eignarhlutafélög. Í grundvallaratriðum skilur fátt á milli þessara hlutafélagafurma, þar sem fjölmenn félög með mikið hlutafé geta verið eignarhlutafélög kjósi þau slíkt. Einnig má benda á að frumvarpið um eignarhlutafélög er að mestu leyti samhliða löggjöfinni um hlutafélög (með áætluðum breytingum). Í Noregi, Svíþjóð a.m.k var ákveðið að hafa ekki tvískipta löggjöf og í Danmörku hafa heyrst efasemdir um tvískiptinguna. Til viðbótar þessu er nú þegar fyrir hendi aðgreining í núgildandi hlutafélaglöggjöf á milli svokallaðra "almenningshlutafélaga" og annarra hlutafélaga. Sú aðgreining hefur ekki valdið neinum vandkvæðum.

Engin sérstök rök hafa verið færð fram sem sýna þörfina á því að hafa löggjöfina tvískipta, þó svo að full ástæða sé til þess að opna fyrir hlutafélag eins manns þar sem vægari formkröfur eru gerðar til ákveðinna atriða. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli nefndarinnar á því að í Noregi var samið frumvarp með vandaðri greinargerð, þar sem þetta var sérstaklega skoðað. Þar eru færð ítarleg rök gegn því að hafa tvískiptar reglur. Er þar m.a. bent á sjónarmið eins og vernd lánadrottna, baráttu gegn efnhagsbrotum, að norskt atvinnulíf þurfi ekki tvískipta löggjöf, óhagkvæmt sé að tvískipta nánast sömu löggjöfinni og að reynsla Dana af tvískiptingunni sé ekki góð. Var viðkomandi kafli úr norska frumvarpinu sendur með fyrri umsögn samtakanna.

Samtökin telja mikilvægt að þetta atriði sé skoðað nánar og telja að slíkt þurfi ekki að vera tímafrekt. Eru samtökin reiðubúin til þess að aðstoða við nánari útfærslu frumvarpanna í einn lagabálg verði þess óskað.

5. mgr. 1. gr.

Í frumvarpinu er vísað til bréfsefnis og viðskiptaskjala hlutafélags og lagt til að á þeim þurfi að vera tilteknar upplýsingar. Í 1. tilskipun ESB (4. gr.) er talað um "letters and order forms" og virðist því frumvarpið gera ríkari kröfur til íslenskra félaga en gert er er skv. áður nefndri tilskipun. Verslunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands telja að slíkt sé óþarflega íþyngjandi og leggja til að málgreininni verði breytt til samræmis við tilskipun ESB og einnig að gerðar verði orðalagsbreytingar á lokamálslið hennar.

Lagt er til að 5. mgr. 1. gr. hljóði svo:

"Á bréfsefni hlutafélags og pantanaeyðublöðum skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandinu. Þegar um gjaldþrotaskipti eða félagaslitameðferð er að ræða skal þeirra upplýsinga einnig getið".

3. gr.

Samtökin telja eðlilegt að í íslenskri löggjöf sé hugsað evrópskt, þannig að aðild að EES sé aðalregla en ekki undantekning. Því er lagt til að 2. mgr. 3. gr. frv. orðist svo:

"Stofnendur hlutafélags skulu vera tveir hið fæsta. Meirihluti stofnenda eða helmingur, sé tala stofnenda jöfn, skulu vera ríkisborgarar ríkja sem eru aðilar

að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og búsettir í EES-ríki. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Sé þess krafist skal stofnandi sanna ríkisborgararétt sinn og búsetu".

9. gr.

Í samræmi við breytingar á c-lið 51. gr. frumvarpsins þarf 6. tl. 2. mgr. 6. gr. laganna að hljóða svo:

"Fjöldi eða hámarks- og lágmarksfjöldi stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og endurskoðenda. Ákveða má hvernig stjórn verður kjörin auk kjörtímabils stjórnarmanna og endurskoðenda".

17. gr.

Í 18. gr. hlutafélagalaga þarf að kveða skýrt á um það hvað gerist ef fjöldi hluthafa í félagi sveiflast um og yfir 100 (200). Hér er um vandamál að ræða sem hefur komið upp. Breytast samþykktir sjálfkrafa? Ber félaginu að breyta samþykktum? Hvað gerist ef fjöldinn fer upp fyrir 100 (200) og hömlur falla niður skv. lögnum en samþykktum er ekki breytt? Rakna hömlur við að nýju ef fjöldinn fer niður fyrir 100 (200) á nýjan leik?

Hér leikast á annars vegar þau sjónarmið að hlutafélög hafi sem mest að segja um eigin málefni og hins vegar hagur þeirra hluthafa sem hugsanlega keyptu í "opnu" félagi að það "lokist" ekki aftur. Vegna þessa þurfa lagaákvæðin að vera skýr.

Rétt er að taka það fram að í vinnuhópi samtakanna komu fram þau sjónarmið að eðlilegt væri að félögin sjálf ákvæðu hvort að hömlur væru lagðar á viðskipti með hluti eða ekki. Bent var á að í dönsku lögnum væri ekki gert ráð fyrir því að félög með vissum fjölda hluthafa væri óheimilt að hafa hömlur á meðferð hluta. Rétt er að geta þess að umrædd lagaákvæði ganga þvert á norrænan rétt og er ekki að finna í tilskipunum ESB.

22. gr. nógildandi laga

Í 22. gr. nógildandi laga um hlutafélög segir að einn stjórnarmaður geti að fenginni sérstakri heimild stjórnar undirritað bráðabirgðaskírteini. Með hliðsjón af breytingu í C-lið 22. gr. frumvarpsins (sem verður 2. ml. 5. mgr. 21. gr. laganna) um heimild til þess að rita nöfn stjórnenda með vélrænum hætti á hlutabréf, verður að telja að slíkt eigi einnig að ná til áritunar á bráðabirgðaskírteini. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta talið felast í breytingu á 21. gr. nógildandi laga (sbr. athugasemdir við 22 gr. frv.). Hins vegar bendir orðalag 22. gr. nógildandi laga til þess að einn stjórnarmaður skuli undirrita með eigin hendi, sbr. 4. ml. 1. mgr. 22 gr. Slíkt ákvæði er óþarft og verður því að telja lagatæknilega rétt að fella 4. ml. þeirrar greinar út.

Lagt er til að inn í frumvarpið bætist eftirfarandi breyting á 22. gr. laganna:

4. ml. 1. mgr. 22. gr. falli út.

7. mgr. 24. gr. nógildandi laga

Fram kom í vinnuhópi samtakanna að mismunandi skilningur væri á því hvað fælist í "aðgangi" hluthafa að hlutaskrá. Í stórum félögum er ekki auðvelt fyrir hluthafa að hafa áhrif ef aðgangur hans er takmarkaður á einhvern hátt. Þannig væri æskilegt að einhverja leiðsögn væri að finna í þá veru að hluthafi mætti t.a.m. skrifa niður upplýsingar úr hlutaskrá.

30. gr. nógildandi laga

Telja verður að skýrara væri að hafa sama orðalag og Danir í 1.tl. 1. mgr. 30. gr. nógildandi laga (1. tl. 1. mgr. 32. gr. dönsku hlutafélagalaganna). Þetta orðalag veitir meira svigrúm við hlutafjárhækkun.

Lagt er til að 1. tl. 1. mgr. 30. gr. hljóði svo:

"Lágmarks- og hámarksupphæð hækkunar".

31. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 34. gr. nógildandi laga sem samtökin gera í sjálfu sér ekki athugasemdir við. Hins vegar telja þau rétt að benda á ákvæði í bæði 2. og 3. mgr. greinarinnar eins og hún verður eftir breytingar, þar sem segir að tilkynna eigi hlutafélagaskrá um hlutafjáraskrift þegar minnst fjórðungur sé greiddur af hlutafjárauka. Í Danmörku fer skráning ekki fram fyrr en það er að fullu greitt, sbr. 2. og 3. mgr. 36. gr. dönsku hlutafjárlaganna. Telja verður að slíkt tryggi réttari upplýsingar úr Hlutafélagaskrá, veiti aðhald og auki öryggi fjárfesta og lánadrottna.

Því er lagt er til að tilkynning um hlutafjárhækkun verði ekki skráð í Hlutafélagaskrá fyrr en áskrift að viðbættu því sem greiða á umfram nafnverð sé að fullu greitt.

51. gr. b-liður

Töluverð umræða var um þetta í vinnuhópnum og voru uppi mismunandi sjónarmið. Í raun leikast hér á sjónarmiðin um það að hve miklu leyti einkaréttarleg félög eiga að ráða sínum innri málefnum og hins vegar sjónarmið um valddreifingu, sem m.a. endurspeglast í ákvæðum um hlutfalls- eða margfeldiskosningu.

Annars vegar var í vinnuhópnum bent á það að tillagan tryggði lýðræðislega stjórnarhætti í félögum og hluthafar fengju meiri áhrif í eigin félögum. Árangurinn yrði sá að hluthafar yrðu virkari, þeir myndu veita stjórn og framkvæmdastjóra meira aðhald og endurnýjun í stjórnnum yrði hraðari. Bent var á að ákvæði sem þetta yrði að vera í lögum, þar sem erfitt væri að fá samþykktum um fyrirkomulag stjórnarkjörs breytt, enda væru slíkar breytingar gegn hagsmunum þeirra sem færu með meirihluta í félögum.

Hins vegar var bent á að hvergi á Norðurlöndum væri að finna kröfu um það að allir stjórnarmenn væru kosnir á sama fundi, það væri í höndum félaganna sjálfra að ákveða kosningafyrirkomulag. Í athugasemdum með frumvarpi kæmi ekki skýrt fram hvernig ákvæðið væri tilkomið eða hvaða áhrif það muni hafa hérlendis. Í nokkrum íslenskum hlutafélögum þar sem sitja 9 menn í

stjórn er sú regla viðhöfð skv. samþykktum félaganna að kosnir eru til skiptis til tveggja ára í senn, 5 eða 4 stjórnarmenn. Tilgangur þessa er að tryggja festu og að ákveðin þekking og reynsla héldist inni í fyrirtækjum, enda yrði slíkt að teljast mikilvægt fyrir hluthafa. Þetta væri sérstaklega þýðingarmikið í stórum hlutafélögum, í umfangsmiklum og flóknum atvinnurekstri.

Einnig var bent á að virkt lýðræði fælist ekki í því að kjósa alla stjórnarmenn á sama fundi heldur gæti raunverulegt lýðræði farið eftir fjölda stjórnarmanna í félagi. Ef stjórnarmenn væru 3 þyrfti rúmlega 25% atkvæða til að fá mann kjörinn þó að kosning færi fram á hverju ári. Ef stjórnarmenn væru hins vegar 9 og helmingur kosin árlega þyrfti einu atkvæði meira en 20% eða 16,66% atkvæða til að fá mann kjörinn. Þannig þyrftu færri atkvæði til að koma manni inn í stjórn eftir því sem stjórin yrði fjölmennari.

Fram komu tvær hugmyndir. Annars vegar sú hugmynd að stjórnarmenn skyldu kosnir til eins árs í senn, þannig að á hverjum aðalfundi skyldi kjósa um öll stjórnarsæti. Hins vegar að sett yrðu í lög ákvæði um það að á hverjum aðalfundi þar sem stjórnarmenn eru kosnir skyldu ekki kosnir færri en 3 stjórnarmenn, þ.e. sá lágmarksfjöldi stjórnarmanna sem löggin gera ráð fyrir. Félögum væri síðan frjálst að teknu tilliti til þessa að ákveða kjörtímabil og hve marga ætti að kjósa í heild.

Hér hefur verið lýst þeim sjónarmiðum og hugmyndum sem fram komu í vinnuhópi samtakanna. Verslunarráð Íslands vill á þessu stigi ekki setja fram tillögur um breytingar á þessu atriði frumvarpsins.

Vinnuveitendasambandið telur vandfundin rök fyrir því, að löggjafinn hlutist til um það hvort að fjölskipaðar stjórnir séu kosnar í einu eða tvennu lagi, eins og að ofan greinir. Kveða löggin á um að lágmarksfjöldi stjórnarmanna í hlutafélagi skuli vera þrír og tryggja þannig að þriðjungur hluthafa geti komið að manni. Eðlilegt gæti því verið að kveða formlega á um þá reglu fremur en að ákveða með löggjöf að ekki megi kjósa mjög fjölmennar stjórnir í tvennu lagi, ef félagið telur það hentugra. Því til rökstuðnings vill Vinnuveitendasambandið benda á eftirfarandi:

1. Hvergi á Norðurlöndum hefur löggjafinn gripið fram fyrir hendur félaga með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Það hefur verið talið hlutverk félaganna sjálfra að ákveða, hvort stjórnarmenn séu kosnir allir á sama fundi eða á einhvern annan hátt. Engin rök standa til þess að víkja frá norrænu lagasamræmi í þessu efni.
2. Ekki verður séð nauðsyn þess að setja slíkt ákvæði fyrir hlutafélög, á meðan kosningafyrirkomulag almennra félaga er látið afskiptalaust. Má sérstaklega benda á stéttarfélögin í þessu sambandi, en meira tilefni er að ákveða kosningafyrirkomulag hjá þeim en hjá hlutafélögum, þegar af þeirri ástæðu, að þau fara í reynd með hluta almannavalds.
3. Hlutafélög eru frjáls félög. Engum er skylt að eiga aðild að hlutafélagi. Þeir sem kaupa hlut í hlutafélagi ganga með því undir þær reglur sem í félaginu gilda. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki skylt að kjósa alla

stjórnarmenn í einu lagi og hefur hlutafélögum verið frjálst að ákveða fyrirkomulag kosninga. Þeir sem ekki geta sætt sig við það fyrirkomulag geta látið vera að kaupa hlut í félaginu. Þeir sem þegar hafa keypt hlut, hafa við kaupin undirgengist reglur félagsins.

Vinnuveitendasambandið telur vernd minnihlutans nægilega tryggja í núgildandi lögum, en til að tryggja hana enn frekar og jafnframt til að koma til móts við þau sjónarmið sem virðast búa að baki frumvarpsgreininni, leggur Vinnuveitendasambandið til að 51. gr. b-liður orðist svo:

"Við kosningu til stjórnar skal ekki kjósa færri en þrjá stjórnarmenn hverju sinni".

51. gr. c-liður

Verslunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands vilja koma á framfæri tillögu um nýtt orðalag á 3. mgr. 51. gr. sem ráðið telur skýrara, enda fannst vinnuhópi samtakanna núverandi tillögur ekki nægilega skýrar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að samþykktir félags megi kveða á um kosningafyrirkomulag, sbr. breytingatillögu við 6. gr. laganna (9. gr. frumvarpsins) og að kosningaaðferðum sé nánar lýst. Við skilgreiningar var litið til fyrirbyggjandi frumvarps, bókar Stefáns Más Stefánssonar "Hlutafélög" og eldri kosningalaga.

Lagt er til að 3. mgr. 47. gr. hljóði svo:

"Við kjör stjórnar má beita meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu og skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum eins eða fleiri einstaklinga.

Ákveða má í samþykktum hvernig stjórnarmenn skulu kjörnir og framkvæmd kosninganna.

Ef samþykktir kveða ekki á um kosningafyrirkomulag skal kosningin framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Hafi samþykktir ekki að geyma fyrirmæli um framkvæmd kosninga skulu þær framkvæmdar þannig:

a) Meirihlutakosning. Sé kosið á milli einstaklinga má nota hvert atkvæði jafn oft og þeir menn eru margir sem kjósa skal. Séu boðnir fram listar hlýtur sá listi sem fær flest atkvæði sína menn kjörna.

b) Hlutfallskosning. Kjósa má milli lista eða einstaklinga. Sé kosið á milli lista skal til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan auðkenni hvers lista, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o.s.frv., eftir því, hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á stjórnarmenn, og fær hver listi jafnmarga menn kosna sem hann á af tölum þessum. Séu of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun stjórnarsæta til hans skal gengið fram hjá þeim lista og úthluta til annarra lista eftir sömu reglum og hér hefur verið lýst. Sé kosið á milli einstaklinga má hluthafi skipta atkvæðum sínum í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kys á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

c) Margfeldiskosning. Kosið skal á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis skal margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna, sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kys á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.

4. mgr. 47. gr. nógildandi laga

Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 3. mgr. 47. gr. (sbr. c-liður 51. gr. frumvarpsins) er rétt að það liggi ótvírætt fyrir hvort kosið skuli á milli einstaklinga eða lista þegar farlið er fram á hlutfallskosningu. Verður að telja það eðlilegt og í samræmi við framkvæmd héraðs að þá skuli frekar beitt einstaklingskosningu. Það verður að teljast í samræmi við þá reglu, sem fram kemur í nógildandi lögum, að sé bæði krafist hlutfalls- og margfeldiskosningar skuli beitt margfeldiskosningu (en hún fer fram á milli einstaklinga).

Því er lagt til að inn í nógildandi 4. mgr. (sem á að verða 5. mgr. skv. frumvarpinu) bætist við nýr málslíður sem verði 3. ml. og hljóði svo:

"Ef kosið er hlutfallskosningu skal kosið milli einstaklinga nema þess hafi sérstaklega verið krafist að kosið væri á milli lista".

52. gr.

Samtökin gera ekki athugasemd við breytingartillögurnar en benda á að ástæða er til þess að hafa "pósítívt" ákvæði í lögunum um það að hluthafafundur megi víkja allri stjórn frá og kjósa nýja. Innan vinnuhópsins voru uppi skiptar skoðanir um það hvort 3. ml. 1. mgr. 48. gr. fæli í sér slíka heimild.

Lagt er til að við 4. málslíð 48. gr. (þ.e. sbr. breytingu í a-lið 52. gr. frumvarps) bætist:

"Hluthafafundur getur ávallt vikið frá öllum þeim stjórnarmönnum sem hann kaus og látið stjórnarkjör fara fram að nýju".

53. gr.

Samtökin vilja leggja til breytingatillögu á orðalagi 2. mgr. 49. gr., í samræmi við ábendingar vinnuhópsins, og það hljóði svo:

"Ef framkvæmdastjórnar félags sitja jafnframt í stjórn þess mega þeir ekki vera meirihluti stjórnarmanna".

1. mgr. 54. gr.

Í þessu ákvæði er það lagt til að séu menn oftast en einu sinni stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar í hlutafélögum sem verði gjaldþrota megi þeir ekki verða stjórnarmenn í félögum í sams konar eða svipuðum rekstri í minnst þrjú ár frá uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar.

Verslunarráð Íslands og Vinnuveitendsamband Íslands mótmæla þessari breytingu og leggja til að hún verði felld brott. Afstöðu sína byggja samtökin á eftirfarandi rökum:

Með breytingunni er verið að hefta athafnafrelsi manna. Það er gert án þess að viðkomandi hafi sýnt af sér refsiverða háttsemi, en það hefur hingað til verið forsenda sambærilegra aðgerða og hér er lögð til, sbr. 68. gr. hegningarlaga.

Í eldri lögum um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929, 8. gr., var hægt að dæma menn til þess að hafa fyrirgert rétti sínum til þess að reka eða stjórna verslun eða atvinnufyrirtækjum. Slíkt skyldi þó aðeins gera ef hinir sömu hefðu orðið "sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið", eins og sagði í greinargerð með þeim lögum.

Einnig er vert að vekja athygli ráðuneytisina á athugasemdum með 8. gr. frumvarps þess sem síðar varð að gjaldþrotalögum nr. 25/1929 (Alþingistíðindi 1929, þingskjal 23, bls. 199) en þar segir að ákvæði 8. gr. miði að því að: "refsa þeim söku í sambandi við gjaldþrot, en leiða í ljós sakleysi þeirra, er fyrir fjárhagsóhöppum verða".

Eins og fram kemur í frumvarpi því sem varð að gjaldþrotalögum nr. 25/1929 þá er ekki rökrænt samhengi á milli þess að verða gjaldþrota og hafa sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Í samkeppnisumhverfi nútímans er ekkert óeðlilegt við það að einstaka fyrirtæki verði undir í samkeppninni og verði gjaldþrota. Fyrir slíkt á ekki að refsa, hins vegar á að beita refsingum þegar að baki gjaldþrotinu búa sviksamlegar athafnir, athafnir sem brjóta í bága við 248., 249. og 250 gr. hegningarlaga.

Verslunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands telja það hættulegt að setja slík hlutlæg refsiakvæði í lög um hlutafélög, eins og lagt er til í þessari grein, án þess að gera kröfur um huglæga afstöðu geranda. Samtökin benda á að auk þess að vera óheppilegt frá refsipólítísku sjónarmiði þá geta ákvæði sem þessi hæglega fælt hæfa menn frá því að taka að sér stöðu framkvæmdastjóra eða setjast í stjórn fyrirtækja, a.m.k. ef tvísýnt er um rekstrarstöðu þeirra. Slíkur atgervisflótti er eingöngu til tjóns fyrir bæði atvinnulífið og þjóðfélagið í heild. Oft kann að vera mögulegt með nýjum og hæfum stjórnendum að koma rekstri til betri vegar - ákvæði frumvarpsins mun draga úr slíkum möguleikum. Hjá fjármálastofnunum innan samtakanna hefur komið fram það sjónarmið að breytingatillaga þessi geti gert þeim erfiðara um vik að beita 45. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Verslunarráð og Vinnuveitendasambandið benda á að núverandi hlutafélagalög leggja nú þegar ærna ábyrgð á stjórnendum fyrirtækja sbr. 16. og 19. kafla þeirra. Samtökin vilja einkum vísa til þess að skv. 132. gr. hlutafélagalaga geta stjórnendur fyrirtækja orðið skaðabótaskyldir fyrir að gefa bú ekki nægjanlega fljótt upp til gjaldþrotaskipta sbr. 113. gr., ef slíkt verður metið þeim til gáleysis.

Að viðbættu því sem hér hefur verið sagt vekur ákvæðið sem hér er lagt til í 1. mgr. 50. gr. hlutafélagalaga (1.mgr. 54. gr. frv.) upp fleiri spurningar en svör. Af hverju er miðað við 3 ár, hver á að hafa eftirlit með framkvæmdinni og hvert verður umsvif slíks eftirlits, hvornig á að taka á því ef menn sannanlega notast við lepp, af hverju er miðað við sams konar eða

svipaðan rekstur en ekki allan rekstur og hvað felst í hugtakinu "sams konar eða svipaður rekstur" ?

Sambærilegt ákvæði er hvorki að finna í réttarreglum ESB né heldur Dana og virðist vera um séríslenska reglu að ræða. Verslunarráðið og Vinnuveitendasambandið gera sér ljóst að ákvæðið er sett í frumvarpið vegna mikillar umræðu í þjóðfélaginu um "gjaldþrotasvik". Samtökin telja hins vegar að tilgangurinn megi aldrei helga meðalið, að það megi ekki refsa öllum með það fyrir augum að þá sleppi hinir seku ekki. Verslunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands eru fylgjandi því að viðurlög verði hert við "gjaldþrotasvikum". Það má hins vegar ekki verða til þess að gera gjaldþrot að glæp og draga kjark úr stjórnendum fyrirtækja sem búa við lítið eigið fé og sveiflukenndan rekstur.

Lagt er til að 2. og 3. ml. 1. mgr. 54. gr. frumvarpsins verði felldir brott.

2. mgr. 54. gr.

Með vísan til þess sem sagði í umsögn um stofnendur hlutafélaga í 2. mgr. 3. gr. frv. þá telja samtökin eðlilegt að í löggjöf sé hugsað evrópskt þannig að aðild að EES sé aðalregla en ekki undantekning. Því leggja þau til að 2. mgr. 54. gr. frv. orðist svo:

"Framkvæmdastjórnar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera ríkisborgarar ríkja sem eru aðilar að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og búsettir í EES ríki. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu. Sé þess krafist skal stofnandi sanna ríkisborgararétt sinn og búsetu".

55. gr. b-liður

Í 51. gr. laganna á að bætast ný málsgrein sem bannar spákaupmennsku stjórnenda hlutafélags með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu. Samtökin telja að skýra þurfi í greinargerð við hvað sé átt með "spákaupmennsku" og útskýringar í greinargerð segi ekkert til um efni þessa hugtaks. Af dönskum fræðiritum má sjá að hér sé átt við svonefnd innherjaviðskipti. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því að um þau gilda ákvæði 23. gr. laga nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti. Telja verður að það ákvæði sé nægilegt og varast beri að setja mismunandi ákvæði í löggjöf. Vilji menn hafa ákvæði um innherjaviðskipti í hlutafélagalögum er nær að vísa til löggjafar um verðbréfavíðskipti.

Lagt er til:

b-liður 55 gr. frumvarpsins falli brott.

56. gr.

Ákvæði 54. gr. dönsku hlutafélagalaganna er nánast efnislega samhljóða 52. gr. íslensku laganna, en 56. gr. frumvarpsins leggur til breytingar á þeirri grein. Í 1. ml. 3. mgr. 54. gr. dönsku hlutafélagalaganna er þó að finna ákvæði sem bætt var inn í lögin á árinu 1992 þar sem lögð er sú skylda á herðar félagsstjórn að hún taki afstöðu til þess hvort eigið fé sé nægjanlegt á hverjum tíma með hliðsjón af umfangi starfseminnar.

Í greinargerð með breytingunni í Danmörku var bent á að þetta væri til að tryggja það í verki að stjórnin fylgdist með þróuninni á fjárhagsstöðu félagsins.

Telja verður að það sé hluti af starfsskyldum stjórnar að fylgjast með þessu, sbr. 1. ml. 3. mgr. núverandi 54. gr. og því sé ekki um raunverulega efnisbreytingu að ræða, heldur sé ábyrgðin gerð áþreifanlegri. Slíkt ákvæði er í eðlilegu samræmi við þær skyldur stjórnar að setja sér starfsreglur (sbr. c-liður 58. gr. frumvarpsins) og að kalla til hluthafafundar ef eigið fé er orðið minna en sem nemur helmingi af skráðu hlutafé (sbr. c-liður 63. gr. frumvarpsins). Samsvarandi breytingu er að finna í norska frumvarpinu í grein 3-5.

Því er lagt til að inn í 3. mgr. 54. gr. bætist nýr málslíður og verði 2. ml (Tillaga frumvarpsins um 2. ml. verði 3. ml.):

"Stjórn ber að taka afstöðu til þess hvort að eigið fé félagsins á hverjum tíma sé nægilegt með tilliti til rekstrarins"

57. gr.

Að mati samtakanna er ákvæði 1. ml. óþarft. Skv. 1. ml. á að gefa upplýsingar um málefni sem skipta dótturfélag máli og í 2. ml. er kveðið á um slíka upplýsingagjöf áður en ákvarðanir eru teknar sem skipta dótturfélag máli. Upplýsingaréttur dótturfélags virðist því nægilega tryggður í 2. ml. Ef ákvæðið stendur óbreytt geta komið upp afmörkunarvandamál hvenær mál skiptir dótturfélag máli án þess þó að taka eigi ákvörðun í því.

Lagt er til:

"1. ml. 57. gr. frumvarpsins falli niður".

58. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um val á stjórnarformanni. Hluthafafundi er heimilt að kjósa formann sérstaklega en þá ber að gæta ákvæða um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Af því verður að álykta sem svo að fyrst verði að kjósa stjórn og síðan velji hluthafafundur einn aðila úr af þeim sem náðu kjöri til að gegna stjórnarformennsku. Markmið þess að kjósa formann sérstaklega er yfirleitt að styrkja stöðu hans. Þannig er hann látinn sækja umboð sitt beint til hluthafanna en slíkt sýnir að hann hefur aukið traust. Með því fyrirkomulagi sem lagt er til getur staða formannsins veikst og erfitt verður fyrir menn að gefa kost á sér í stjórn sem "formaður". Þannig getur formannsefni fallið út í stjórnarkjöri í hörðum slag, þó það hefði notið stuðnings í formannskjöri, ef kosið væri sérstaklega sérstaklega.

Samtökin telja æskilegt að félög ráði sjálf hvernig formannskjöri skuli háttað á hluthafafundum. Þannig verði núgildandi lagaákvæðum ekki breytt hvað varðar formannskjör og formaður því kosinn sérstaklega án tillits til kosningafyrirkomulags stjórnar að öðru leyti.

Frekar mætti hugsa sér að sett yrði regla um það að stjórn þyrfti að hafa einhvern ákveðinn fjölda stjórnarmanna til að þetta væri heimilt t.d. 3 eða 5, en með því væri stjórnin orðin fjölmennari en nemur lágmarksfjölda skv. 47. gr laganna þá gæti upphaf a.-liðar 58. gr. frumvarpsins (1. mgr. 54. gr. laganna) hljóðað svo:

"Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Þó skal gæta ákvæða 3.-5. mgr. 47. gr. um hlutfalls og margfeldiskosningu ef á sama hluthafafundi og kýs formann fer fram kosning annarra stjórnarmanna og tala þeirra sem kjósa á er færri en 3.".

59. gr.

Telja verður heppilegt að halda orðinu "mikilvæga" inni í lögunum, enda geta menn fremur skilgreint hvort ákvörðun er mikilvæg heldur en það hvort að kostur hafi verið á því að hinir fjarverandi stjórnarmenn fjölluðu um ákvörðun. Óttast má að annað geti boðið heim hættunni á hártogunum og gert störf stjórnar þyngri í vöfum Einnig má ætla að ákvæði í breytingu í b-lið 58. gr. frv., þe.. boðun funda, sé næg trygging.

Lagt er til:

59. gr. frumvarpsins falli niður. - 55. gr. laganna verði óbreytt.

65. gr. a-liður

Samtökin telja þetta ákvæði ekki eiga heima í 71. gr. laganna um boðun aðalfundar af lagatæknilegum ástæðum. Eðlilegra er að það færist í 2. mgr. 32. gr. laganna í kaflann um hlutafjánhækkun. Er rétt að benda á að í 2. félagaréttartilskipun ESB er ákvæðið í kaflanum um hækkun og sambærilegt ákvæði er ekki að finna í dönsku lögunum, a.m.k. ekki í ákvæðum um boðun aðalfundar.

Lagt er til

Breytingatillaga í a-lið færist og verði bætt í 2. mgr. 32. gr. og þar verði talað um "...skrifleg tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar.....".

70. gr.

Í samræmi við fyrri athugasemdir sínar um evrópska hugsun í löggjöf leggja samtökin til að frumvarpsgreinin orðist svo:

"Af endurskoðendum félags skal a.m.k. einn vera heimilisfastur í ríki sem er aðili að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. "

80-81 gr.

Athugasemdir komu fram í vinnuhópi ráðsins um að orðalagið "almennir sparisjóðsreikingar" væri óheppilegt og væri réttara að nota orðalagið "almennum innlánsreikningum". Er það lagt til bæði í þessum greinum og öðrum sambærilegum í frumvarpinu.

104. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir ákveðinni meðferð ef yfirtökufélagið á alla hluti í hinu yfirtekna félagi. Skv. 27. og 28. gr. 3. félagaréttartilskipunar ESB er heimilt að setja sambærileg ákvæði í lög aðildarríkjanna þegar einn aðili á

meira en 90% í félagi. Ástæða er til að hafa slíka heimild í íslenskum lögum eða miða 104. gr. við það að hluthafi eigi meira en 9/10 hluta hlutafjár og fari með sama atkvæðamagn. Í þessu sambandi má minna á 131. gr. núgildandi laga. Telja verður æskilegt að veita þetta svigrúm til að auðvelda samruna í slíkum tilvikum enda er öryggis minnihluta vel tryggt bæði í verðandi 15. kafla laganna auk 19-21. gr. þeirra.

110. gr.

Í þessari grein er verið að lögleiða heimild til skiptingar félags í samræmi við 6. félagaréttartilskipun ESB. Rétt er að taka það fram að skv. þessari tilskipun er aðildarríkjunum ekki skylt að lögtaka ákvæði um skiptingu inn í landsrétt sinn, en geri þau það þurfa ákvæðin að vera í samræmi við markmið tilskipunarinnar (sbr. m.a. Erik Werlauff: Europæisk selskabsret, bls. 80-81 og bls. 128 í norska frumvarpinu).

Ýmsar spurningar vöknudú í vinnuhópnum um efni þessarar greinar, einkum á 3. mgr. um ábyrgðartakmörkun á skuldbindingum þáttökufélaganna. T.a.m. var spurt hvort ætti frekar að miða við nettóverðmæti eða það sem er eftir í félagi á hverjum tíma? Einnig var spurt hvernig ætti að finna út eftir nokkur ár hvað væri eftir í viðkomandi félagi, því eignir væru oft ekki sérgreindar? Því til viðbótar má spyrja hvort miða eigi við upphæð á yfirfærslutíma, hvort verðbæta eigi hana eða reikna miðað við einhverja ávöxtunarkröfu?

Rétt er að benda á að skv. dönsku lögnum er gert ráð fyrir sömu tveimur möguleikum á ábyrgðartakmörkun og er að finna í 3. mgr. íslenska frumvarpsins, en hins vegar virðist í 12. gr. 6. félagaréttartilskipunar ESB einungis vera miðað við "nettóverðmæti þess sem við bættist". Í norska frumvarpinu, grein 14-19. er einungis gert ráð fyrir sömu takmörkun og hjá ESB, en einnig eru ákvæði norska frumvarpsins um skiptingu ítarlegri og gleggri en íslenska frumvarpsins (sbr. greinar 14-14. til 14-19. í norska frumvarpinu).

Í vinnuhópnum var bent á að íslensk skattalög gera ekki ráð fyrir "skiptingu" en nægar hömlur hafa t.d. verið settar við samruna í skattalögum. Þannig sé ekki ljóst hvernig eigi að meðhöndla ýmsar skattskuldbindingar við skiptingu t.d. yfirfæranlegt tap og óinnleystan fjárfestingasjóð.

Samtökin telja æskilegt að hlutafélagalög hafi að geyma ákvæði um skiptingu en telja að fyrirliggjandi tillögu þurfi að skoða nánar og í tengslum við hana verði gert ráð fyrir skiptingu í skattalögum. Því er ráðlegt að lögtöku þessa ákvæðis verði frestað enda virðist slíkt ekki fara í bága við ESB-rétt.